

# Nýtt fyrirkomulag efstu deilda ÍPS deildar og nýr stigalisti ÍPS tekinn upp

Efsta deild í Reykjavík verður að 12 manna Kristalsdeild fyrir allt landið og nýr stigalisti tekinn upp. Silfurdeild í RVK verður að Gulldeild RVK, Bronsdeild að Silfurdeild o.s.frv.

## Tilgangur breytinganna

1. Að nýta allar umferðirnar sem meiri og betri þjálfun fyrir afreksleikmenn í íslensku pílukasti með fleiri „pressuleikjum“ og lengri leikjum í útslætti.
2. Að fjölga þeim leikmönnum sem spila í efstu deild um þrjá.
3. Að undirbúa afreksleikmenn betur fyrir mót á vegum landsliðsins og eða einstaklingsmót erlendis.
4. Að færa keppnir í Reykjavík og N-Austurlandi nær hvor annarri með samfelldum stigalista og möguleika fyrir leikmenn í N-Austur deild að vinna sæti í Kristalsdeild.
5. Að ÍPS notist við stigalista þegar dregið (seeds) er í Íslandsmót, RIG, Grand Prix og önnur 501 mót á vegum ÍPS

## Hvenær taka breytingarnar gildi?

Breytingin tekur gildi frá og með 1. umferð ÍPS deildar árið 2024.

## Ný efsta deild - 12 manna Kristalsdeild

Efsta deild RVK (Gull) verður 12 manna deild og fær nýtt nafn: Kristalsdeild.

## Staðsetning

Allar umferðir Kristalsdeildarinnar verða spilaðar á Bullseye Reykjavík árið 2024. Staðsetning umferða verður síðan endurskoðuð eftir árið og metið hvort hlutfall leikmanna að norðan sé þannig að eðlilegt sé að spila líka umferð eða umferðir á Akureyri á árinu 2025.

## Riðlar og útsláttur

Deildinni er fyrst skipt upp í tvo sex manna riðla og raðast riðlarnir á eftirfarandi hátt út frá stöðu leikmanna í deildum í umferðinni á undan. Leikir í riðlum eru spilaðir í **best af 7**. Þegar riðlum er lokið er leikið í efri og neðri útslætti.

### A riðill

1. sæti
- 3.-4. sæti
- 5.-8. sæti
- 5.-8. sæti
9. sæti
2. sæti Gulldeild RVK

### B riðill

2. sæti
- 3-4. sæti
- 5.-8. sæti
- 5.-8. sæti
1. sæti Gulldeild RVK
1. sæti Gulldeild AK

### Efri útsláttur

Í efri útslætti spila leikmenn í 1. - 4. sæti í sínum riðli við gagnstæð sæti í hinum riðlinum í 8 manna úrslitum þar til einn stendur uppi sem sigurvegari umferðarinnar. Spilað er best af 7 í 8 manna úrslitum, best af 9 í undanúrslitum og best af 11 í úrslitum

### Neðri útsláttur

Í neðri útslætti spila 4 leikmenn í kross 5. sæti riðils við 6. sæti riðils. Þar er spilað upp á eitt laust sæti til að halda sér í Kristalsdeild. Spilað er best af 7 í 4 manna úrslitum og best af 9 í úrslitum. 3 leikmenn falla úr Kristalsdeild.

### Hvernig verður fjölgað í efstu deild (Kristalsdeild)

Eftir lokaumferð 2023 færast 4 leikmenn upp í nýju Kristalsdeildina og aðeins einn leikmaður fellur niður. Þrír efstu í Gull RVK (áður Silfur) og 1. sæti í Gull NA færast upp í Kristalsdeild. Eftir 1. umferð 2024 munu svo 3 leikmenn tryggja sér sæti í Kristalsdeild (1. og 2. sæti í Gull RVK og 1. sæti í Gull NA) og þrír falla niður.

Ef leikmaður sem á að vera í Kristalsdeild mætir ekki í umferð er sá leikmaður sem lenti í 3. sæti Gulldeildar RVK boðið sætið, því næst 2. sæti Gulldeildar NA, svo 4. sæti Gull RVK, þvínæst 3. sæti Gulldeild NA o.s.frv. Ástæðan fyrir því að Gulldeild RVK fær fleiri sæti og er með örlítið meiri forgang á sæti sem losna í Kristalsdeild er meðaltalsárangur deildanna á árinu 2023 þar sem Silfurdeild RVK var með betra meðaltal en Gulldeild NA. Þetta fyrirkomulag verður síðan endurskoðað árlega útfrá meðaltali leikmanna í Gulldeildum.

### 3. - 4. sæti Gulldeilda halda sæti sínu óháð meðaltali

Leikmenn í 3. og 4. sæti í Gulldeildum halda sæti sínu í Gulldeild og geta ekki fallið niður á meðaltali sínu. Leikmenn í 5. 6. og 7. sæti í Gulldeildum eru ekki öruggir með sæti sitt og gætu dottið niður um deild ef meðaltal þeirra dugar ekki í næstu umferð. Leikmenn í 8. og 9. sæti falla alltaf niður úr Gulldeild. Ef leikmenn sem eiga öruggt sæti í Gulldeild skrá sig ekki aftur í sama landshluta raðast þeir eftir meðaltali sínu. Þeir eiga ekki öruggt sæti í Gulldeild hins landshlutans.

### Aðrar reglur sem teknar voru upp á árinu 2023 halda áfram

Ef leikmaður mætir ekki í umferð þá lækkar meðaltalið hans um 5% líkt og tekið var upp árið 2023. Ef leikmaður úr efstu deild mætir ekki í eina umferð fellur hann sjálfkrafa niður í næstu umferð og raðast af meðtaltalinu sínu sem hefur þá lækkað um 5%.

## Nýr stigalisti ÍPS

Settur verður í gang nýr stigalisti ÍPS þar sem leikmenn geta safnað stigum útfrá sætum í Kristals- og Gull-deildum. Íslandsmótið í 501 gefur einnig stig í Stigalista ÍPS

Stigalistar ÍPS verða notaðir þegar dregið verður í Íslandsmót, RIG, Grand Prix og Úrvalsdeild Stöð 2 ásamt öðrum 501 mótum sem ÍPS kann að skipuleggja í framtíðinni. Stjórn ÍPS hvetur aðildarfélög sín til að notast einnig við listann þegar raðað er í stór opin mót á vegum aðildarfélagana.

### Stig fyrir hverja umferð í ÍPS deildinni

1. sæti Kristalsdeildar	20 stig
2. sæti Kristalsdeildar	15 stig
3.-4 sæti Kristalsdeildar	10 stig
5.-8. sæti Kristalsdeildar	6 stig
9. sæti Kristalsdeildar	4 stig
1. sæti Gulldeilda	4 stig
2. sæti Gulldeilda	3 stig
10. sæti Kristalsdeildar	3 stig
11. - 12. sæti Kristalsdeildar	2 stig
3. - 4. sæti Gulldeilda	2 stig
5. - 7. sæti Gulldeilda	1 stig

### Stig fyrir Íslandsmótið (KK)

1. sæti	30 stig
2. sæti	20 stig
3.-4. sæti	12 stig
5.-8. sæti	8 stig
9.-16. sæti	4 stig
17.-32. sæti	2 stig

### **KRISTALSDEILD**

- 1. sæti 20 stig
- 2. sæti 15 stig
- 3.-4. sæti 10 stig
- 5.-8. sæti 6 stig
- 9. sæti 4 stig (heldur sæti sínu)
- 10. sæti 3 stig (fellur niður)
- 11.-12. sæti 2 stig (falla niður)

### **GULLDEILD RVK & NA**

- 1. sæti 4 stig - RVK & NA upp um deild
- 2. sæti 3 stig - RVK upp um deild
- 3.-4. sæti Halda sæti sínu óháð meðaltali
- 5.-7. sæti Raðast næst á meðaltali
- 8.-9. sæti Falla niður

## Stigalisti kvenna

Þó konur geti að sjálfsögðu verið á heildarstigalista ÍPS þá hefur stjórn ÍPS einnig ákveðið að halda sérstaklega utan um stigalista kvenna. 10 konur vinna sér inn stig í hverri umferð ÍPS deildarinnar eftir því í hvaða deildum og sætum þær lenda hverju sinni.

Leikmaður sem fer upp um deild er metinn ofar en leikmaður sem fer niður úr þeirri deild. Dæmi: Leikmaður sem lendir í 2. sæti í Kopardeild er ofar en leikmaður sem lendir í 8. sæti í Bronsdeild.

### ÍPS deildin - RVK

1. sæti	20 stig
2. sæti	15 stig
3. sæti	10 stig
4. sæti	8 stig
5. sæti	6 stig
6. sæti	4 stig
7. sæti	2 stig
8. sæti	1 stig

### ÍPS deildin - NA

1. sæti	6 stig
2. sæti	4 stig

### Stig fyrir Íslandsmótið (KVK)

1. sæti	30 stig
2. sæti	20 stig
3.-4. sæti	12 stig
5.-8. sæti	8 stig